

Svo voru Jól okkar, Siggi minn—
 Svona' upp í huganum vekst það—
 Eg er að reyna' að yrkja þau inn
 Aftur í líf okkar.—Tekst það? [1889]

AFSÖKUN HINS SKUGGSÝNA.

Þið segið, að eg kveði lífið ljótt,
 Og leiti' ekki' að gulli heldur skarni,
 Að eilífið mín sé eintóm kolsvört nótt
 Og æfin villa' á slóðarlausum hjarni.

Þið segið það—Og svo er flónið spurt,
 Hvert sælla muni' ei trúblindingsins hjarta,
 Sem forðum daga dreymdi myrkrið burt
 Í dúrnnum langa' og þekti ei eldinn bjarta.

En hver er heill að hugsa' ið dimma bjart?
 Það hamlar kveiking ljóssins sem menn þyrftu—
 Mér virðist sælla' að vita myrkrið svart,
 Það vekur hjá mér löngun eftir birtu.

Ef trúir þú að sár þitt sé ei sár,
 Það seint mun gróa, en brýzt út stærra' og verra—
 En ef eg sýni' að lífið taki tár,
 Eg tala kjark í lýð að mýkja' og þerra.

En seinna munu málin greiðast vönd
 Úr mykraflækju, af dómstól inna spöku.
 Og bjartskygnt fólkið blessa hverja hönd,
 Sem brá upp skari' í tímans rökkurvöku.

